

6. fundur atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í félagsheimili Hrunamanna, 26. mars 2019 kl. 18:00

Fundarboð:

Á fundinn mættu: Sigurjón Snær Jónsson og Hulda Hrönn Stefánsdóttir fyrir hönd nefndarinnar. Laufey Guðmundsdóttir og Dagný Hulda Jóhannsdóttir voru með erindi til þess að kynna áfangastaðaáætlun Suðurlands. Á fundinum voru einnig sveitarstjóri, oddviti, Ásborg Arnþórsdóttir, sveitarstjórnarmenn og aðilar úr umhverfisnefnd.

1. Áfangastaðaáætlun Suðurlands – 2018 – 2021

Laufey Guðmundsdóttir frá Markaðsstofu Suðurlands kom og hélt kynningu á áfangastaðaáætlun Suðurlands. Hún fór yfir það hvernig hún hafði verið unnin, með hverjum og hver tilgangur hennar er. Í grófum dráttum er þetta sameiginleg niðurstaða aðila úr hinum ýmsu aðstæðum af Suðurlandi og með mismunandi hagsmuni er snúa að ferðaþjónustu eða öðru sem verður nýtt til þess að fá yfirvöld, sveitarfélög, ferðaþjónustuaðila og svo íbúa til þess að reyna að gera aðstæður betri fyrir ferðaþjónustu. Það er þá gert til þess að tryggja varðveislu náttúru, öryggi og ímynd. Þetta er stórt verkefni sem getur skilað ákveðnum árangri strax og svo getur það ýtt undir stærri hluti sem þarf að laga en mun taka langan tíma. Samgöngur eru t.d. hluti af áætluninni og útrýming einbreiðra brúa er t.d. þar á meðal. Það er í mörgum tilfellum undir stjórnvöldum komið og krefst fjármagns og tíma. Opið var fyrir spurningar og voru nokkrir hlutir ræddir.

2. Gönguferðir í Hrunamannahreppi

Kolbrún Haraldsdóttir var á kynningarfundinum og því nýtti Sigurjón tækifærið að fylgja eftir skipulagningu gönguferða í Hrunamannahreppi. Kolbrún segist vera búinn að hugsa málið og ætli að senda á nefndina lýsinguna frá því í fyrra með uppfærslu í líkingu við það sem hún sér fyrir sér að virki betur. Sigurjón ítrekaði framlag sitt á Berghylsfjalli sem og leiðsögu um það í einni göngunni. Kolbrún spurði út í erfiðleikastig og tímalengd. Hún fer með þær upplýsingar og setur í lýsinguna sína. Ákveðið var að auglýsa ferðirnar í Pésanum í maí. Fyrsta ferð verður farin snemma í júní og þá er hún fersk í minni fólks ef hún er í maí Pésanum. Stefnt er á að hittast aftur í kringum páska til þess að klára þetta mál.

3. Verslunarmannahelgin 2019

Sigrún Guðlaugsdóttir var á staðnum að sinna sinni vinnu í félagsheimilinu. Sigurjón nýtti tækifærið og ræddi verslunarmannahelgina 2019 við hana. Bergsveinn Theodórsson frá Sonus viðburðum, sem hefur séð um hátíðina á Flúðum undanfarin ár, hefur farið fram á að fá meiri yfirráð yfir félagsheimilinu þetta árið þar sem hann fékk miklar skorður á skemmtanahald árið 2018 frá því sem áður var. Hann segir að hátíðin standi ekki undir sér fyrir hann að því leyti og því fer hann fram á að í staðinn hafi hann umsjón með húsinu og leigi það af sveitinni. Sigrún sagði að henni litist vel á að hann tæki við húsinu en segir að það sé að mjög mörgu að huga. Hún segir að húsið hafi verið vaktað allan sólarhringinn í fyrra af einhverjum á hennar vegum og henni sjálfri. Hún segir að það verði að halda því áfram og að Bergsveinn fái að vita nákvæmlega með hverju hann þurfi að fylgjast. Einnig vill Sigrún að þriðji aðili taki húsið út fyrir og eftir leigu svo einhver annar aðili geti bent á það ef eitthvað hefur orðið fyrir tjóni. Næsta mál er að heyra í Bergsveini og fara í smáatriðum ofan í það sem hann er tilbúinn að gera og fara þá yfir með honum hvað það er sem þurfi að hafa í huga.

Hulda vék af fundi um 18:15 og Sigurjón ræddi við Sigrúnu til að verða 19:00. Þetta var ekki formfastur fundur nefndarinnar, en þessi tími var nýttur í að sinna verkefnum hennar.